

# Fundargerð 90. fundar

## verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum

Árið 2023, þriðjudaginn 3. október kl. 14:00 kom Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum saman til fundar og fer hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jón Viggó Gunnarsson, Hildigunnur Rut Jónsdóttir, Hrefna Bryndís Jónsdóttir, Stefán Aspar Stefánsson og Steinþór Þórðarson.

Að auki sátu fundinn Eygerður Margrétardóttir verkefnisstjóri, Flosi Hrafn Sigurðsson lögfræðingur og Hugrún Geirsdóttir verkefnisstjóri, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

**1. Fundargerð síðasta fundar - 2009015SA**

Fundargerð 89. fundar lögð fram til samþykktar.

*Fundargerð 89. fundar samþykkt samhljóða.*

**2. Málafni Úrvinnslusjóðs og framlengdrar framleiðendaábyrgðar - 2009107SA**

Sambandið vann umsögn, dags. 18. september, um frumvarpi til laga um breytingu á lögum um úrvinnslugjald nr. 162/2002 (hringrásarhagkerfi, umbúðir, ökutæki o.fl.) sem birtist í samráðsgátt ríkisins 4. september. Flosi H. Sigurðsson lögfræðingur sambandsins kynnti umsögnina en í henni eru jafnframt atriði sem sambandið telur þörf á að breyta í lögum um úrvinnslugjald. Sambandið gerði athugasemdir við að sett væri í lögin bráðabirgðaákvæði sem heimilar framleiðendum eða innflytjendum til þess að fá undanþágu frá því að veita upplýsingar um umbúðir eða meginsöluumbúð vara eigi úrvinnslugjald að miðast við líklegustu tegund umbúða, eða fast gjald. Sambandið lýsti yfir áhyggjum yfir því að þessi heimild yrði misnotuð. Frekar ætti að þrengja skilyrði gagnvart framleiðendum og innflytjendum, heldur en að heimila þeim undanþágur frá greiðslu úrvinnslugjalds. Þá koma fram að kostnaðarpátttaka Úrvinnslusjóðs í kostnaði sveitarfélaga vegna meðhöndlunar úrgangs hafi ekki verið samkvæmt kostnaðarmati nýju laganna og að sveitarfélög fái litlar tekjur úr sjóðnum m.a. þar sem erfiðlega hefur gengið fyrir þau að gerast þjónustuaðilar Úrvinnslusjóðs. Eygerður Margrétardóttir sérfræðingur sambandsins, sem jafnframt á sæti í stjórn Úrvinnslusjóðs, sagði frá málefnum sem hafa komið inn á borð stjórnar Úrvinnslusjóðs nýlega. Sandra Brá Jóhannsdóttir hefur verið ráðin framkvæmdastjóri sjóðsins en enn á eftir að skipa nýja stjórn en skipunartími fráfarandi stjórnar rann út um mánaðarmótin.

*Verkefnisstjórnin tekur undir umsögn sambandsins um breytingu á lögum um úrvinnslugjald.*

**3. Skýrslur Matís sem tengjast plasti og matarsóun - 2009015SA**

Ólafur Reykdal og dr. Sophie Jensen, sérfræðingar MATÍS, kynntu tvær skýrslur sem stofnunin hefur unnið að. Skýrslurnar fjalla annars vegar um plastumbúðir og nefnist „Áskoranir við þökkun grænmetis“ og hins vegar um matarsóun sem nefnist „Greining á rýrnun í virðiskeðju grænmetis“. Í kynningum þeirra kom fram að um 500 milljón tonn af plasti er framleitt á hverju ári. Gífurleg umhverfisáhrif plasts eru engum ókunn og þau skaðlegu áhrif sem nanó- og örplast hafa á lífríkið. Þó vantar gögn á Norðurlöndum, þar með talið Íslandi á dreifingu örplasts. Skýrslan var styrkt af matvælaráðuneytinu árið 2021, áhrif umbúða á heilsu fólks og kannað þökkun grænmetis og geymslupól við mismunandi aðstæður. Ýmis ný verkefni hafa sprottið upp til að takmarka plast í umbúðum grænmetis, m.a. verkefni þar sem alaskalúpína er nýtt til framleiðslu á umbúðum. Á fundinum kom fram að ýmsar upplýsingar er hægt að sækja til Matís og mörg verkefni, skýrslur og fræðigreinar sem hafa verið unnar. Sérstaða Matís felst m.a. í því að vera með vörubróun þar sem afurðir myndast úr því sem áður getur hafa talist úrgangur, s.s. verkefnið „Verðmætaaukning hliðarafurða frá garðyrkju“. Helstu niðurstöður í skýrslunni um rýrnun í virðiskeðju grænmetis er biðtími á móttökustað á landsbyggðinni sem gat leitt til gæðaryrnunar. Einnig að krafa neytenda er um að framboð allra vörutegunda eigi að vera allt árið en það kostar bæði fyrirhöfn, flutninga og hefur stundum leitt til töluverða affalla á matvælum sem um ræðir.

*Verkefnisstjórn í úrgangsmálum þakkar Ólafi Reykdal og Sophie Jensen fyrir áhugaverðar kynningar.*

**4. Verkefni um kortlagningu kostnaðar og bókfærslur - 2308026SA**

Verkefnisstjórn óskaði eftir á síðasta fundi að sambandið myndi hrinda af stað með formlegum hætti verkefni um kostnað sveitarfélaga vegna meðhöndlunar úrgangs. Annarsvegar um kortlagningu á raunkostnaði og -tekjum sveitarfélaga vegna málaflokksins og hinsvegar um gerð tillögu að bókhaldslyklum fyrir meðhöndlun úrgangs með það að markmiði að staðla utanumhald á raunkostnaði og -tekjum sveitarfélaga. Flosi Hrafn Sigurðsson, lögfræðingur sambandsins, fór yfir minnisblað, dags. 22. september sl., um nálgun á verkefninu á fundinum. Stjórn sambandsins hefur samþykkt að fara af stað í þetta verkefni. Næstu skref verða að útfæra verkefnið nánar en væntingar standa til þess að verkefnið geti hafist strax í nóvember.

*Verkefnisstjórn í úrgangsmálum fagnar því að geta hafið þessa mikilvægu vinnu og hlakkar til að fylgjast með framgangi þess á komandi mánuðum.*

**5. Framkvæmd söfnunar og meðhöndlunar á textíl með tilliti til nýrra laga - 2301049SA**

Verkefnahópur um framkvæmd sérsöfnunar og meðhöndlunar á textílúrgangi, sem verkefnisstjórnin setti á laggirnar í vor, fundaði með sveitarfélögum víðsvegar af landinu 13. september sl. til að fá betri yfirsýn yfir söfnun og aðra meðhöndlun textíls á ólíkum svæðum og einnig til að leita

álits þessara sveitarfélaga á framkvæmdinni. Mikilvægt er að aðgreina textíl frá öðrum úrgangi og hámarka endurnotkun og endurnýtingu ásamt því að veita góða þjónustu við íbúa. Tryggja þarf að sveitarfélög verði ekki fyrir óhóflegum kostnaði og umsýslu við að því að rækja lagalega ábyrgð sína á textílsöfnun. Dofri Ólafsson og Ísól Fanney Ómarsdóttir, sérfræðingar hjá SORPU bs. komu á fundinn og sögðu frá vinnu hópsins og fyrirætlunum SORPU.

*Verkefnisstjórn þakkar fyrir áhugaverðar kynningar og óskar eftir að fá að fylgjast áfram með vinnu að bættri sérstakri söfnun og annarri meðhöndlun textíls yfir landið allt skv. nýjum lögnum.*

#### **6. Handbók sveitarfélaga í úrgangsstjórnun - 2012018SA**

Ný reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 803/2023 sem birt var í júlí sl. og skýrari greining á ákveðnum ákvæðum laga nr. 55/2003 kallar á uppfærslu á Handbók um úrgangsstjórnun sem sambandið vann og Umhverfisstofnun gaf út í júní 2022. Jafnframt þarf að fara fram rýni á "Spurt & svarað" sem sambandið heldur utan um. Á samráðsfundi með umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, óskaði ráðuneytið eftir því að sambandið hefði frumkvæði að endurskoðun handbókarinnar í samstarfi við Umhverfisstofnun.

*Frestað til næsta fundar.*

#### **7. Annar áfangi forverkefnis um brennslu í stað urðunar - 2009109SA**

Annar áfangi forverkefnis um brennslu í stað urðunar hefur farið af stað. Verkefnið er styrkt af umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu og Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) og fjallar um innleiðingu nýrrar framtíðarlausnar til meðhöndlunar á brennanlegum úrgangi í stað urðunar. Annar áfangi verkefnisins gengur út á að gera samanburð á tveimur möguleikum varðandi uppbyggingu brennslu á úrgangi með orkunýtingu (WtE - waste to energy) á Íslandi. Helgi Þór Ingason, verkefnisstjóri, kom á fundinn og sagði frá markmiðum forverkefnisins. Verkefnið byggir á vinnu frá árinu 2021 en einnig hafa orðið breytingar, s.s. vegna breyttrar neysluhegðunar Íslendinga og lagabreytinga vegna innleiðingu hringrásarhagkerfis. Helgi fór yfir þær forsendur sem liggja til grundvallar verkefninu.

*Verkefnisstjórn þakkar fyrir kynninguna og telur áframhald á forverkefninu sem hrundið var af stað 2021 mikilvægt skref í að beina úrgangi frá urðun til endurnýtingar. Hafa þarf í huga að umhverfislegur ávinningur er af því að brenna þennan úrgang og nýta orkuna í stað þess að urða hann því urðun eða brennsla úrgangs án orkunýtingar er síðasti valkostur úrgangspríhyrningsins. Verkefnisstjórnin óskar eftir því að fylgjast áfram með verkefninu og fagnar því að reglulegir opnir fundir um verkefnið undir heitinu „Skör ofar“ séu fyrirhugaðir.*

#### **8. Samræmdar merkingar úrgangstegunda - 2009210SA**

Samningur sambandsins og FENÚR, sem er fjármagnaður í gegnum samning sambandsins við umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið, um innleiðingu á samræmdum norrænum flokkunarmerkingum innanlands rennur út um áramót. Sambandið er aðili að norrænu samtökunum EUPicto sem á merkin. Í nýrri reglugerð um meðhöndlun úrgangs eru tilgreint þau merki sem sveitarfélögum ber að nota við söfnun á pappír og pappa, málma, plast, gler, líffúrgang, textíl og spilliefni. Sambandið er að taka saman minnisblað um hvernig notkun merkjanna er best borgið til framtíðar. Sérfræðingar sambandsins sögðu frá málinu.

Verkefnisstjórnin óskar eftir að taka málið fyrir aftur á næsta fundi þegar minnisblað sambandsins liggur fyrir.

**9. Breytt innheimta sveitarfélaga - 2109026SA**

Undir átakanu „Samtaka um hringrásarhagkerfi“ hefur sambandið í samstarfi við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun leitt innleiðingarverkefni um Borgað þegar hent kerfi. Verkefnið snýst um breytta innheimtu gjalda fyrir meðhöndlun úrgangs og í dag hafa 35 sveitarfélög valið að taka þátt.

*Frestað til næsta fundar.*

**10. Önnur mál - 2009111SA**

Opið fyrir önnur mál.

*Eygerður Margrétardóttir, sérfræðingur sambandsins, sagði frá breytingum sem eru að verða á skipuriti sambandsins.*

*Næsti fundur er fyrirhugaður mánudaginn 6. nóvember 2023, kl. 13-15.*

Fundi var slitið kl. 16:05

---

Jón Viggó Gunnarsson

---

Hildigunnur Rut Jónsdóttir

---

Hrefna Bryndís Jónsdóttir

---

Stefán Aspar Stefánsson

---

Steinþór Þórðarson